



Háskólinn á Akureyri auglýsir lausa 100% stöðu náms- og starfsráðgjafa

Háskólinn á Akureyri leitar að öflugum náms- og starfsráðgjafa í fullt starf. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er m.a. að veita upplýsingar um nám við HA og aðstoða nemendur við að ná árangri í námi og átta sig á áhuga sínum og styrkleikum. Næsti yfirmaður er forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar HA.

Í Háskólanum á Akureyri er allt nám í sveigjanlegu námsumhverfi og því þarf náms- og starfsráðgjöf að vera út frá þeim forsendum að meirihluti nemenda stundar ekki nám sitt á staðnum, heldur í sveigjanlegu námi víðs vegar um landið. Háskólinn á Akureyri leggur metnað sinn í að vera nútímaháskóli með nútímaaðferðir í kennslu og ráðgjöf.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa:

- Hefðbundin ráðgjafastörf.
- Þátttaka í áframhaldandi uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafar við HA, einkum hvað snertir fjarnema.
- Vinna fyrir og með málefni fjarnema.
- Þróun rafrænnar ráðgjafar (aðferðir/tækni) .
- Vinna við að auka endurkomu nemenda við skólann.
- Skipulag og uppbygging starfsráðgjafar.
- Samstarf við aðrar starfseiningar innan háskólans er lúta að ráðgjafarþjónustu við nemendur.
- Þátttaka í ýmsum þróunarverkefnum til skemmri eða lengri tíma innan háskólans.
- Þróun sérúrræða, einkum tæknihluta þeirra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsnám í náms- og starfsráðgjöf skilyrði.
- Starfsleyfi sem náms- og starfsráðgjafi skilyrði.
- Góð reynsla af náms- og starfsráðgjöf.
- Reynsla af starfi í háskóla kostur.
- Reynsla af þróunarvinnu eða umbótavinnu í náms- og starfsráðgjöf.
- Þekking og áhugi á nýjungum í náms- og starfsráðgjöf.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Mikil skipulagshæfni, metnaður og frumkvæði í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Um spennandi framtíðarstarf er að ræða fyrir öflugan og áhugasaman ráðgjafa í starfsumhverfi sem er í stöðugri þróun.

Æskilegt er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsstöð náms- og starfsráðgjafa er á Akureyri.

Umsóknarfrestur er til **6. mars 2017**. Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Umsókn skal fylgja:

- Greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil.
- Staðfest afrit af prófskírteinum og afrit af starfsleyfi sem náms- og starfsráðgjafi.
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.
- Tilnefna skal a.m.k. tvo meðmælendur og er æskilegt að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi eða fyrra starfi umsækjanda.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Solveig Hrafnisdóttir, forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar í síma 460 8034, netfang solveig@unak.is.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.